



Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps í Fjallaskarði 30. september 2019 kl. 12:00.

Fundarmenn: Eiríkur J. Kjerúlf formaður, Hörður Guðmundsson, Jón Þór Þorvarðarson og Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi.

1. Arnaldsstaðir.

Byggingarfulltrúi sagði frá samtali við Hilmar Gunnlaugsson lögmann um viðbrögð hins svissneska eiganda Arnaldsstaða vegna mats Veðurstofunnar á ofanflóðahættu á jörðinni. Skv. Hilmari er sá svissneski að hugsa sinn gang og er jafnvel að velta fyrir sér minni byggingu en þeirri sem byggingarnefnd fallaði um á fundinum 21. júní sl.

2. Friðlýsing Hengifoss

Nefndin tók fyrir bréf frá Umhverfisstofnun dags. 19. mars 2019 og útskrift frá hreppsnefndarfundum 2. september um friðlýsingu Hengifoss. Byggingar- og skipulagsnefnd mælir með því fyrir sitt leyti að hafnar verði viðræður við UST um friðlýsinguna. Það sjónarmið kom fram að hugsanlegt sé að tengja verkefnið við Snæfellsstofu og Vatnajökulspjóðgarð m.t.t. samlegðaráhrifa.

3. Hrakstrandarkofi

Tekið fyrir erindi frá Steingrími Karlssyni dags. 31. ágúst og útskrift frá hreppsnefndarfundum 2. sept. um ástand Hrakstrandarkofa í vestanverðum Múla. Steingrímur gerir að umtalsefni bágborið ástand kofans og hugsanlegar endurbætur. Nefndarmenn þekkja ekki ástand kofans en hafa í hyggju að nota ferðina núna til þess að kanna það. Nánar greint frá því skrifum um vettvangsferðina.

4. Mannvirki Fljótsdalshrepps í Fjallaskarði

Á síðasta fundi byggingar- og skipulagsnefndar var fjallað um erindi frá fundi sveitarstjórnar 04.06 2019 um mannvirki í Fjallaskarði. Eins og kom fram þá ákvað nefndin að gera sér ferð í Fjallaskarð og leggja mat á ástand hlaðna hesthússins og kofans. Nefndarmenn eru nú búnir að skoða þessi hlöðnu hús í ferðinni og leggja mat á umfang endurbyggingar og endurbóta. Gerð verður nánari grein fyrir því í skrifum um vettvangsferðina.

5. Droplaugarstaðir

Byggingarfulltrúi hefur tekið á móti og samþykkt uppdrætti af endurbyggingu þaks á íbúðarhúsinu á Droplaugarstöðum. Þær vistaðar í gagnasafni embættis byggingarfulltrúa Fljótsdalshrepps.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 12:20

Fundarritari: Sveinn Þórarinsson

Sign: Eiríkur J. Kjerúlf, Hörður Guðmundsson
Jón Þór Þorvarðarson